


1. september 2015

## Þjónustuviðskipti – stefnir í Íslandsmet


Afgangur af þjónustuviðskiptum nam tæpum 55 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi sem er 23 milljörðum krónum meira en á sama tíma í fyrra miðað við fast gengi. Þjónustujöfnuð má skilgreina sem mismun á útfluttri þjónustu frá Íslandi og innfluttri þjónustu. Ekki kemur á óvart að ferðaþjónusta skiptir þarna langmestu máli. Krónan hefur styrkst nokkuð undanfarið svo munurinn væri minni ef ekki væri leiðrétt fyrir gengi. Aldrei hefur þjónustuafgangur mælst jafnmikill á öðrum ársfjórðungi og er þessi liður sífellt að verða mikilvægara í utanríkisviðskiptum landsins. Helsta ástæðan er vel þekkt og eins og sjá má á myndinni hér að neðan hefur þjónustuafgangur síðustu ára haldist nær algjörlega í hendur við þjónustuafgang af ferðalögum og samgöngum, sem skýrist af mikilli fjölgun erlendra ferðamanna á Íslandi. Haldi þessi þróun áfram má reikna með því að met verði slegið í þjónustuafgangi á árinu, en í fyrra nam hann nærri 140 milljörðum króna.



Heimildir: Hagstofa Íslands. Ferðamálastofa. Greiningardeild Arion banka

Viðskiptaafgangur síðustu ára og aukning hans hefur skýrst að talsverðu leyti af auknum þjónustutekjum eins og myndin hér að neðan ber glögglega með sér. Þannig hefur þjónustuafgangurinn styrkt gengi krónunnar og bætt eigna- og skuldastöðu landsins gagnvart útlöndum að öðru óbreyttu.


## Viðskipta- og þjónustujöfnuður - Á verðlagi 2014. Milljónir króna



## Gjaldeyrisforði frá ferðamönnum

Seðlabankinn hefur undanfarið, og þá sérstaklega nú í sumar, keypt meiri gjaldeyri en nokkru sinni fyrr. Þannig hefur bankinn lagst á móti styrkingu krónunnar og safnað í gjaldeyrisvaraforða til að bregðast við afnámi hafta og til að geta veitt viðnámsþrótt við miklum gengissveiflum. Hér að neðan sést hvernig þróun gjaldeyriskaupa Seðlabankans hefur verið í takti við vöruskipta- og þjónustuafgang. Ef marka má gjaldeyriskaup Seðlabankans í júlí og ágúst er ekki ólíklegt að við munum sjá ennþá ríflegri þjónustuafgang á þriðja ársfjórðungi.


## Vöru og þjónustujöfnuður - fast gengi



## Hversu mikið fær krónan að styrkjast?

Hingað til virðast gjaldeyriskaup Seðlabankans hafa miðast við það að halda krónunni tiltölulega stöðugri gagnvart evru. Það hefur tekist nokkuð vel hingað til. Það er þó ekki ljóst hversu langt bankinn er tilbúinn að ganga til að koma í veg fyrir gengisstyrkingu og safna í gjaldeyrisforðann. Síðustu vikur og daga má þó sjá hugsanlegar vísbendingar um að gjaldeyrisinnstreymi sé umtalsvert um þessar mundir og síðastliðna viku hefur gengi krónunnar styrkst um nærri því 2% gagnvart evru, þrátt fyrir gjaldeyriskaup Seðlabankans. Það verður forvitnilegt að sjá hvort Seðlabankinn leyfi krónunni að styrkjast meira en nú er orðið á næstu vikum og mánuðum ef gjaldeyrisinnstreymi heldur áfram. Það er í það minnsta ljóst að þar mun þjónustujöfnuðurinn við útlönd hafa mikið að segja.

## Gengi og gjaldeyriskaup



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir  
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson  
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

### Forstöðumaður

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is  
444-6959

[Hér má finna fyrirvara](#)